

12. ágúst 2022

Við trúnaðarmenn Sameykis úr röðum starfsfólks sýslumannsembætta viljum, fyrir hönd starfsfólks, koma á framfæri athugasemdum við drög að frumvarpi til laga um sýslumann. Við gerum alvarlega athugasemd við tímasetningu birtingar á drögunum og tímalengd sem gefin er til athugasemda sem upphaflega var aðeins tvær vikur á háanna sumarleyfistíma þ.e. frá 13. – 31. júlí.

Sýslumannsembættin eru þjónustustofnun sem byggir allt á starfsfólki sínu. Mörg okkar búa yfir langri reynslu og mikilli sérhæfðri þekkingu á starfsemi embættanna. Öll leggjum við okkur fram um að vinna starf okkar af alúð og veita góða þjónustu.

Það fyrirkomulag sem lagt er til í frumvarpsdrögunum gerir lítið úr þeim mannauði sem liggur í reynslu og þekkingu okkar en ákvæði til bráðabirgða segir að öll störf hjá sýslumönnum verði lögð niður frá 1. janúar 2024 og að starfsmönnum skal boðið starf hjá hinu nýja embætti sýslumanns. Í greinagerð segir; „Leitast skal við að raska högum starfsfólks sem minnst og bjóða starfsfólki að sinna svipuðum verkefnum hjá hinu nýja embætti og það hefur áður sinnt, þykir slíkt raunhæft og rekstrarlega hagkvæmt í ljósi breytt skipulags embættis“

Starfsfólk er uggandi um framtíð sína hjá nýju embætti sýslumanns. Ekki er nefnt að starfsmenn haldi kjörum sínum og áunnum réttindum og veldur það mikilli óvissu.

Starfsfólk hefur áhyggjur af hvernig staðið verður að ráðningu og hvaða tímamörk þeir hafa til þess að ákveða hvort þeir þiggi nýtt starf.

Ekki fær séð að búið sé að tryggja nýjum og óskilgreindum verkefnum fjárheimild og farveg né eru tilgreind sérhæfing hvers svæðis sem fyrirhuguð eru.

Starfsmenn sýslumannsembættanna hafa áhyggjur af hvert þjónustustig hverrar starfsstöðvar sem tilgreindar eru verði og hvaða áhrif það mun hafa á þjónustu enda mun þessi breyting snerta alla landsmenn.

Í kafla greinagerðar um mat á áhrifum er talað um jafnrétti og stöðu kynjanna. Við veltum fyrir okkur með hvaða hætti talið er að frumvarpið kunni að hafa jákvæð áhrif á jafnrétti og stöðu kynjanna með því að jafna kynjahlutfall starfsmanna sýslumannsembættanna.

Að fara fram með þessum hætti, með tilheyrandi óvissu og óöryggi fyrir starfsfólk er óásættanlegt. Þessi óvissa getur valdið atgervisflóttu starfsfólks og leitt til að það muni fara að leita að öðrum störfum með tilheyrandi áhrifum á þjónustu, auknum kostnaði og áhrifum á þau samfélög þar sem embættin eru staðsett í dag.

Óvissan og það viðhorf ráðherra og ráðuneytis sem ákvæðið í sinni núverandi mynd gefur í skyn er ekki til þess fallið að viðhalda góðum starfsanda og metnaði hjá starfsfólki. Framlag starfsfólks, þjónustulund þess og metnaður í starfi er lykilþáttur í þeim markmiðum sem frumvarpinu er m.a. ætlað að ná fram, þ.e. bættri þjónustu við almenning og innleiðingu stafrænna lausna.

Starfsfólk Sýslumannsembætta hefur mjög yfirgripsmikla þekkingu á störfum sínum og þykir okkur því eðlilegt að tryggja að samráð sé haft við starfsmenn og þeir komi að svo viðamikilli breytingu sem sameining Sýslumanna er ásamt aðkomu stéttarféлага.

Trúnaðarmenn Sameykis lýsa sig tilbúna til samtals við ráðuneytið og óska eftir samráði á seinni stigum.

Fyrir hönd trúnaðarmanna Sameykis

Jóna Matthíasdóttir Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra

Hulda Sæland Árnadóttir Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum

Þóra Sverrisdóttir Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra

Inga Lóa Steinarsdóttir Sýslumaðurinn á Suðurnesjum  
Ingunn Gunnarsdóttir Sýslumaðurinn á Suðurlandi  
Elva Dröfn Sveinsdóttir Sýslumaðurinn á Austurlandi  
María Hlín Eggertsdóttir tengiliður hjá Sýslumanninum á Vesturlandi